

við frv. til l. um heimilisfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „heimilisfræðaskóli“ í greininni og í öðrum greinum frv. komi: hússtjórnarskóli.
2. Við 2. gr. Í stað „36 vikur“ komi: 28—36 vikur samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Inntökuskilyrði skulu vera þessi:
 - a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi grunnskóla.
 - b) Að nemandinn sýni læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pílta.
4. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Í hússtjórnarskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn hússtjórnarskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við hússtjórnarskóla þarf kennarapróf frá Húsmaðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Við hússtjórnarskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Stofna skal 36 vikna handíðaskóla, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum. Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum hússtjórnarskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða og textilgreinar.
Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.
Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.
Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra hússtjórnarskóla.
8. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um hússtjórnarskóla.